

Fangelsismálastofnun ríkisins og Sólheimar ses gera með sér svohljóðandi

Samkomulag

um tilraunaverkefnið „Vistun og samfélagsaðlögun” afplánunarfanga að Sólheimum, Árnessýslu.

1. gr.

Gildissvið

Fangi, sem hlotið hefur að minnsta kosti 3 ára fangelsisdóm getur sótt um til Fangelsismálastofnunar að afplána síðari hluta refsivistarinnar að Sólheimum. Ef sérstakar ástæður mæla með er unnt að víkja frá skilyrðum um lengd dóms.

Miðað er við að ekki verði vistaðir þar fleiri en 3 fangar í senn og að dvalartími fanga verði að að jafnaði ekki skemmri en 6 mánuðir. Vistun fanga er háð samþykki Sólheima.

2. gr.

Skilyrði umsækjanda

Fangelsismálastofnun metur skilyrði umsækjanda til dvalar að Sólheimum.

Skilyrði þess að unnt sé að fallast á afplánun að Sólheimum eru:

- a. Að almannahagsmunir mæli ekki gegn vistun fanga að Sólheimum.
- b. Að fangi hafi ekki neytt ávanabindandi eða örvandi lyfja eða gerst sekur um agabrot í refsivistinni næstliðna 12 mánuði, hafi eftir atvikum notað sér meðferðarúræði sem staðið hafa til boða í fangelsinu og að hegðun hans hafi verið til fyrirmyndar.
- c. Að í refsivörslukerfinu sé ekki til meðferðar mál þar sem fanginn er kærður fyrir refsiverðan verknað.
- d. Að fangi teljist að öðru leyti hæfur til dvalar að Sólheimum.
- e. Að ekki mælist áfengi í öndunarsýni eða ólögleg ávana- eða fíkniefni greinist í þvagprufu fanga sem hann afhendir áður en til vistunar á Sólheimum kemur.

Víkja má frá skilyrðum b- og c- liðar ef mjög sérstakar ástæður mæla með því.

3. gr.

Forsendur fyrir vistun

Forsendur fyrir vistun að Sólheimum eru:

- a. Að fangi samþykki skilyrði samkvæmt samkomulagi þessu.
- b. Að fangi neyti hvorki áfengis- né vímuefna meðan á vistun þar stendur.
- c. Að fangi haldi þau skilyrði er Sólheimar og Fangelsismálastofnun setja fyrir vistuninni.

Forráðamönnum Sólheima er heimilt að vísa fanga af staðnum uppfylli hann ekki skilyrði er gilda um vistunina eða brjóti reglur þær sem fram koma í þjónustu- og vistunarsamningi.

4. gr.

Vinna, greiðslur og þjónusta

Fangi sem afplánar refsivist að Sólheimum skal vinna 8 klst. á Sólheimum alla virka daga, nema laugardaga, samkvæmt þeim reglum sem um vinnuna gilda.

Sólheimar og/eða fyrirtæki að Sólheimum greiða fanga vinnulaun samkvæmt gjaldskrá sem Fangelsismálastofnun setur.

Fangi greiðir ekki fyrir húsnæði, rafmagn, hita né áskriftargjald af sjónvarpsrásum Sólheima. Fangi fær ókeypis eina máltíð 5 daga í viku en skal sjálfur að öðru leyti standa straum af matarkostnaði. Fangelsismálastofnun ákveður hvaða nánari skilyrði skuli gilda um vistunina.

Við upphaf dvalar undirritar fangi þjónustu- og vistunarsamning við Sólheima. Þar er tilgreind sú þjónusta sem Sólheimar veita, svo og þær reglur og þau skilyrði sem gilda um dvölinna. Fangelsismálastofnun skal staðfesta samninginn eftir að hann hefur verið undirritaður af viðkomandi fanga og tilsjónarmanni Sólheima. Sálfræðingur Fangelsismálastofnunar skal heimsækja Sólheima mánaðarlega, eiga viðtöl við fanga og tilsjónarmenn verkefnisins og rita um það minnisblað. Við lok dvalartíma fanga skulu Sólheimar skila skýrslu um dvöl fangans, sem og sálfræðingur Fangelsismálastofnunar.

5. gr

Fjölskylda fanga

Fanga er heimilt, með samþykki Fangelsismálastofnunar og forsvarsmanna Sólheima, að hafa fjölskyldu sína á staðnum enda greiði hann aukakostnað sem af því hlýst. Sólheimar setja reglur er varða skráningu og leyfi fyrir heimsóknum annarra en nánustu fjölskyldu, sem fanga ber að hlýta.

6. gr.

Varðandi vistun, tilsjónarmaður

Fangi skal fara í einu og öllu að fyrirmælum Fangelsismálastofnunar og forráðamanna Sólheima.

Sólheimar skulu tilnefna tilsjónarmann sem sér um og ber ábyrgð á samskiptum Fangelsismálastofnunar og Sólheima að því er lýtur að framkvæmd og tilhögun vistunar fangans.

Fanga er heimilt að yfirgefa Sólheimasvæðið um skemmri tíma með samþykki tilsjónarmanns til að sinna ákveðnum verkefnum en er að öðru leyti óheimilt að yfirgefa svæðið nema með samþykki Fangelsismálastofnunar.

Yfirgefi fangi Sólheimasvæðið án heimildar er litið á slíkt sem strok úr refsivist.

7. gr.

Tilkynningar

Forsvarsmönnum Sólheima er skylt að tilkynna Fangelsismálastofnun tafarlaust um öll frávik frá þeim reglum er gilda um vistun fanga þar. Á skrifstofutíma skal haft samband við starfsmann Fangelsismálastofnunar í síma 520-5000. Á öðrum tímum skal haft samband við bakvakt Fangelsismálastofnunar í síma 892-2794.

8. gr.

Kostnaður Fangelsismálastofnunar

Fangelsismálastofnun greiðir mánaðargjald, þ.e. húsaleigu, gjald fyrir eina máltíð virka daga og þjónustugjald, fyrir vistun fanga að Sólheimum eftir á, samkvæmt nánara samkomulagi og eftir framlögðum reikningum.

9. gr.

Gildistaka

Samkomulagið, sem byggir á 1. mgr. 24. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005 tekur gildi frá 15. október 2005 en um leið fellur niður samkomulag sömu aðila frá 1. september 2004. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 2. nóvember 2005.

F. h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

F. h. Sólheima ses

Valtýr Sigurðsson (sign)

Guðmundur Ármann Pétursson (sign.)